

Gestir sýna list sína

Gestalistamenn Sambands íslenskra myndlistarmanna halda sýningu í SÍM-húsinu Hafnarstræti 16 í dag, 23. nóvember, frá klukkan fimm til sjö síðdegis. Þeir sem taka þátt eru Amy Stephens frá Bretlandi, Iveta Laure frá Lettlandi, Lauren Orchowski frá Bandaríkjunum og Maurice Blok sem er fulltrúi Finnlands þó hollenskur sé að

uppruna enda er hann búsettur í Finnlandi.

Maurice dvelur nú á Íslandi með styrk frá Kulturkontakt Nord og mun verða með gjörning klukkan sex. Hann tók þátt í Sequences-sjónlistahátíðinni hér á landi fyrr í mánuðinum og þykir mjög athyglisverður.

Boðið verður upp á léttar veitingar.

- gun



SÍM-HÚSIÐ Maurice Blok og fleiri gestalistamenn sýna í húsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR